

Úttektin skal tryggja að greiningar sem framkvæmdar eru fyrir matvælaöryggiseftirlit séu áreiðanlegar og öruggar, ásamt því að rannsóknastofur starfi í samræmi við reglugerðir og viðurkennda staðla.

Löggjöf (úttektarviðmið)

- Reglugerð EB 2017/625 um opinbert eftirlit með matvælum.
- Reglugerð EB 853/2004 um hollustuhætti matvæla úr dýraríkinu.
- Reglugerð EB 2073/2005 um örverufræðileg viðmið.
- Reglugerð EB 2015/1375 um tríkínu í kjöti.

Undirbúningur

- Unnið er eftir VLY-147
- Undirbúningur eftirlitsaðila: Yfirfara síðustu skýrslur, frávik og gæðakerfi rannsóknarstofu.
- Yfirlitsskjöl sem beðið er um fyrirfram:
 - Vottunarskírteini (ef við á, t.d. ISO 17025)
 - Gæðahandbók
 - Skrár yfir þjálfun starfsmanna
 - Listi yfir sýnagerð og aðferðir
 - Kalibreringar/viðhaldsmælingar og viðhaldsskýrslur

Atriði sem metin eru í úttekt

Gæðakerfi

- Hvort rannsóknarstofan hafi innleitt viðurkennt gæðakerfi (ISO 17025 eða sambærilegt).
- Gild vottun eða faggilding og úttektir þriðja aðila ef til staðar. Frávik þeirra og úrbætur.
- Innra eftirlit og úrbótaferli.

Starfsmannahæfni

- Menntun, þjálfun og reynsla starfsmanna.
- Viðhald þekkingar.
- Viðbrögð við fjarveru starfsmanna. Þjálfun afleysingarstarfsmanna.

Greiningaraðferðir

- Notkun staðlaðra og viðurkenndra greiningaraðferða.

Niðurstöður rannsókna og skýrslugerð

- Viðbrögð við niðurstöðum.
- Viðbrögð við tilkynningaskyldum sjúkdómsvaldandi örverum.

Frávik og kröfur um úrbætur

- Öll frávik skráð í úttektarskýrslu.
- Rannsóknastofa fær tiltekinn frest til að skila úrbótaáætlun (15 dagar).
- MAST metur hvort úrbætur séu fullnægjandi og framkvæmir endurmat ef nauðsyn krefur.

Skýrsla og eftirfylgni

- Lokaskýrsla send til úttektarþega.